

Launaútreikningur

Reiknaðu laun fyrir Þorgerði og sambærilegt fyrir Þorlák.

Notaðu auðan launaseðil.

Verkefnablað - auður launaseðill

Settu í möppu.

Launaútreikningur

Þorgerður var að byrja að vinna hjá Bílaviðgerðum sf.

Njáll er eigandi fyrirtækisins og hefur starfað einn um áratugabil. Nú þarf Njáll að fara að reikna út laun Þorgerðar. Hjálpaðu honum með það.

- Þorgerður er með **365.000 kr.** í mánaðarlaun og með 18 yfirvinnutíma í mánuðinum.
- Yfirvinnukaup er yfirleitt **1%** af heildarlaunum. Hún er með 3.650 kr. í yfirvinnukaup á tímann.
- Reiknað er **10,17%** í orlof af mánaðarlaunum með yfirvinnu.
- Lífeyrissjóður er **4%** af heildarlaunum.
- Stéttarfélagsgjald er **1%** af heildarlauninum.
- Til að reikna út skattinn þarf fyrst að draga lífeyrissjóðinn af heildarlauninum og síðan taka **37,19%** af þeirri upphæð.
- Persónuafslátturinn er **54.628 kr.** og dregst frá.
- Síðan er lífeyrissjóður, stéttarfélagsgjald og skatturinn lagður saman.
- Þá er sú upphæð dregin frá heildarlauninum og útkoman er útborguð laun.

Til umhugsunar:

Notaðu auðan launaseðil og útbúðu einnig launaseðil fyrir Þorlák og nýttu þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan. Kjórið er að vinna þetta verkefni í töflureikni (excel).

Þorlákur er með **373.000 kr.** í mánaðarlaun. Yfirvinnukaupið hans er **1%** af heildarlaunum. Reiknaðu út hvað hann fær útborgað.

Skatthlutfall í staðgreiðslu, neðar- og efra þrep:

| Skattþrep | Fjárhæðarmörk á mánuði | Tekjuskattur | Meðalútsvar | Samtals |
|-----------|---------------------------------|--------------|-------------|---------|
| 1. þrep | Af tekjum 0 - 336.916 kr. | 20,60% | 14,44% | 35,04% |
| 2. þrep | Af tekjum 336.917 - 945.873 kr. | 22,75% | 14,44% | 37,19% |
| 3. þrep | Af tekjum yfir 945.873 kr. | 31,80% | 14,44% | 46,24% |

Persónuafsláttur á árinu 2020 er 655.538 kr. eða 54.628 kr. á mánuði.